



Fundargerð

209. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, miðvikudaginn 8. júní 2016 kl. 12:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Karl Lauritzson, Guðbjörg Björnsdóttir, Þorvaldur P. Hjarðar, Skúli Björnsson, og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi: Gunnhildur Ingvarsdóttir

Dagskrá:

1. Opnun tilboða
2. Málefni Skógarorku
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
4. Bæjarráð
5. Önnur mál

Gengið til dagskrár kl. 12:04

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

1. Opnun tilboða

Framlögð gögn á fundinum: Fundargerð opunarfundar dags. 07.06.2016 útboð á endurnýjun stofnlagna frá Virkjunarsvæði við Urriðavatn og að Barravegamótum.

Sjö aðilar sóttu gögn en þrír aðilar sendu inn tilboð:

Kostnaðaráætlun verkkaupa er 16.896.000,-.

Austurverk ehf. kr 18.318.500,-

Ylur ehf. kr. 17.003.002,-

MSV ehf. - tilboð ógilt.

Stjórn samþykkir samhljóða að samið verði við lægstjóðanda.

2. Málefni Skógarorku

Framlögð gögn: RE Skógarorka Hallormsstað (162 KB); Til notenda varmaorku frá Skógarorku ehf;

Fram eru lögð tölvupóstsamskipti við ritara Umhverfissráðherra varðandi málefni Skógarorku ehf.



Framkvæmdastjóri sagði frá aðalfundi Skógarorku ehf. sem haldinn var 06.06.2016. Ákveðið að fresta um einn mánuð útsendingu bréfs til orkukaupenda um stöðvun orkuafhendingu. Ákveðið var að skoða betur svokallað brettaverkefni og eins að funda með umhverfissráðherra um stöðuna.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framlögð gögn:

- Framkvæmdastjóri sagði frá ferð sinni á vatnsveitu og fráveitusýningu í München.
- Framkvæmdastjóri sagði verkefni hafa gengið mjög vel.
- Framkvæmdastjóri er að fara í sumarfrí í næstu viku og fram til mánaðarmóta.
- Fjárútlát eru mikil þessa dagana vegna framkvæmda og búið að tryggja aukafjármögnun ef þarf með.

4. Bæjarráð

Framlögð gögn: engin

Undir þessum lið mættu til fundar Anna Alexandersdóttir og Sigrún Blöndal.

Ylstrandarmál rædd.

5. Önnur mál

Framlögð gögn:

- a) Málefni orkukaupandans Haustaks rædd og lýsir stjórn verulegum áhyggjum yfir stöðunni sem virðist vera að koma upp.
- b) Næsti fundur í júlí sem boðað verður til með dagskrá.

Fundargerðin upplestin, samþykkt og fundi slitið kl. 13:55

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson.